

## Fundargerð stjórnar

\*\*\*\*\*

### 75. fundur stjórnar Brunavarna Árnæssýslu (BÁ) haldinn föstudaginn 28. júlí, 2006 að Austurvegi 52, Selfossi. (Slökkvistöð)

Mættir:

Einar G. Njálsson, formaður, Gunnar Þorgeirsson og Snæbjörn  
Sigurðsson.

Einnig mætti á fundinn: Börkur Brynjarsson, verkfræðingur og fulltrúi  
BÁ í bygginganefnd um björgunarmiðstöð og Kristján Einarsson,  
slökkviliðsstjóri

**Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 10.00**

#### 1. Húsnæðismál slökkviliðs (Björgunarmiðstöðin)

Fyrir fundinum lágu eftirfarandi gögn:

- Fyrir fundinum lágu fundargerðir nr. 8, 9, og 10 frá starfshópi slökkviliðsins varðandi húsnæði Björgunarmiðstöðvar. Þar kemur m.a. fram í fundargerð nr. 10 að starfshópurinn telur B.A. eigi að hætta við áform um að slökkvistöð verði í fyrirhuguðu húsi. Þar stendur;  
***”Byggingarnefnd B.A. um sameiginlega björgunarmiðstöð í húsnæði Björgunarfélags Árborgar við Árveg á Selfossi leggur til við stjórn Brunavarna Árnæssýslu að B.A. dragi sig út úr viðræðum um að B.A. leigi aðstöðu í húsinu. Bygginganefndin telur að leita þurfi annarra leiða sem felast í slökkvistöð sem aðlöguð og hönnuð verði að þörfum sem slökkvilið nútímans þarfnast.”***
- Einnig lá fyrir fundinum ályktun frá nýstofnuðu Félagi sjúkraflutningsmanna til stjórnar B.A., þess efnis m.a. að flýtt verði undirbúningsvinnu vegna byggingar björgunarmiðstöðvar.

Farið var yfir stöðu mála í byggingarmálum og þær lausnir sem hugsanlegar eru í stöðunni, einnig þau atriði sem standa út af borðinu í skipulagi hússins, innra rými og aðkomu að húsinu. Í ljósi þess að sameiginleg byggingarnefnd hefur ekki skilað endanlegri tillögu um útfærslu hússins telur stjórnin ekki forsendur nú til að ganga út úr samstarfi um byggingu björgunarmiðstöðvar. Samþykkt að B.A. kosti vinnu Barkar Brynjarsson við útfærslur og samræmingu aðila um skipulag sem að húsinu koma. Stjórnin lýsir fullum vilja til að sameiginleg björgunarmiðstöð verði að veruleika í samræmi við fyrirliggjandi viljayfirlýsingu enda uppfylli húsnæðið kröfur B.A. og samkomulag náist um rekstur hússins og afnot af sameiginlegu rými sbr. samþykkt stjórnar 5. maí 2006.

2. Trúnaðarmál.  
Fært í trúnaðarbók.
3. Önnur mál.
  - a) Slökkviliðsstjóri greindi frá fundi sem hann átti með formanni Launanefndar sveitarfélaga varðandi skilgreiningar á ýmsum þáttum kjarasamnings LSS við LN.

**Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 12.30**

**Einar Njálsson    Gunnar Þorgeirsson    Snæbjörn Sigurðsson**

**Kristján Einarsson**